

Alþingi
Erindi nr. P 130/1788
komudagur 15. 4. 2004



Borgartúni 33 150 Reykjavík
Sími 562 2000 Fax 562 7500

www.umferd.is

14. apríl 2004
ÓHP/sj

Samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Varðar 553. mál, þingsályktunartillögu um styttingu þjóðvegjar 1

Vísað er til bréfs samgöngunefndar, dagsetts 22. mars 2004.

Umferðarráð hefur ekki komið saman til fundar frá því að bréf nefndarinnar barst. Stjórn ráðsins ákvað því að senda fulltrúum í Umferðarráði erindið til umsagnar í tölvupósti. Formlegt svar barst frá einum, fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, og fylgir það hér með.

Mikilvægi góðra vegasamgangna, þar sem m.a er tekið tillit til umferðaröryggis, vegalengda og vetraraksturs, er að mati stjórnar Umferðarráðs ótvírætt. Sérstök úttekt á þjóðvegi 1, sem tekur til ofangreindra þátta, gæti því orðið lóð á vogarskál aukins umferðaröryggis. Hlýtur þá að vera við það miðað að nýr vegur til styttingar á ákveðinni leið verði hannaður með það að leiðarljósi að hann verði öruggari en sá sem lagður er af, m. a. með tilliti til þeirra þátta í umhverfi vega sem áhrif hafa á umferðaröryggi. Í því sambandi vísar stjórnin á kafla 7.4.2 í Umferðaröryggisáætlun 2002 til 2012, en þar stendur:

„Ein aðalorsök umferðarslysa á þjóðvegum er útafakstur. Þar sem umhverfi vega er hættulítið verða afleiðingarnar venjulega ekki miklar. En þar sem eru t.d. brattir fláar, stórir steinar, hraun eða skurðir má búast við að afleiðingar útafaksturs verði alvarlegar. Þess vegna er áriðandi að mati starfshópsins að veghaldari sjái til þess að umhverfi veganna sé sem hættuminnst. Gera þarf áætlun er miði að því að bæta umhverfi veganna. Til þess þarf mikið fjármagn og þyrfti að eyrnamerkja fjárveitingar til þess sérstaklega í vegáætlun. Gera þarf sérstakt átak í því að verja vegina gegn búfé. Gera þarf endurbætur á vegum og götum og umhverfi þeirra sem miða að því að gera þá sem öruggasta og minnka eins og kostur er meiðsl þegar óhapp verður.“

f.h. Umferðarráðs,

Óli H. Þórðarson
formaður



Umsögn um tillögu um styttingu Þjóðveggar 1.

Tillaga 553. Tillaga að styttingu Þjóðveggar 1.

Jákvætt er að gera samanburð á mismunandi leiðum sem færar eru til að stytta vegalengdir á milli einstakra staða eftir Þjóðvegi 1 og meta hagkvæmni þeirra með tilliti til umferðaröryggis, vegalengda, vetraraktsturs, kostnaðar og annara þátta sem nefndin telur mikilvæga í slíku mati. Aldrei má þó láta framkvæmdir í styttingu vega verða ofar á forgangslista en umferðaröryggið. Alltof oft er farið út í nýframkvæmdir, jafnvel á fáförnum leiðum í stað þess að huga að fjölfarnari leiðum þar sem slys eru tíð og alvarleg.

F.h slysavarnasviðs SL.
